

2350. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn þriðjudaginn 13. ágúst 2026 og hófst kl. 14:30. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli og á Teams.

Mættir stjórnarmenn:

Þorvaldur Örlygsson formaður
Helga Helgadóttir varaformaður
Ingi Sigurðsson varaformaður
Heimir Fannar Gunnlaugsson
Jón Sigurður Pétursson
Pálmi Haraldsson
Sveinn Gíslason

Á Teams:

Börkur Edvardsson
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson
Tinna Hrund Hlynisdóttir

Forföll:

Þorkell Máni Pétursson

Mættir starfsmenn:

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri
Bryndís Einarsdóttir fjármálastjóri
Ómar Smáráson sviðsstjóri markaðssviðs sem
ritaði fundargerð

Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ bauð alla velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar.
 - a. Lagðar fram fundargerðir síðustu stjórnarfunda (fundir nr. 2348 og 2349). Fundargerðirnar hafa þegar verið undirritaðar rafrænt.
2. Fundargerðir nefnda og fréttir af vettvangi ÍTF.
 - a. Fundargerðir lagðar fram:
 - i. Mótanefnd (3 fundargerðir) þar sem m.a. var fjallað um færslur leikja, leikdaga og ýmsar áskoranir tengdar niðurröðun leikja.
 - ii. Fjárhagsnefnd frá 12. ágúst þar sem fjallað var um árshlutauppgjör fyrstu 6 mánaða ársins 2026.
 - b. Heimir Fannar Gunnlaugsson fór yfir helstu fréttir af vettvangi ÍTF. Stjórnarfundur samtakanna var haldinn fyrir í dag þar sem var farið yfir ýmis mál, m.a. samstarfið við KSÍ og samning milli ÍTF og KSÍ. Á fundi ÍTF var jafnframt kynnt 6 mánaða uppgjör ÍTF og er reksturinn á áætlun.
3. Upplýsingagjöf milli funda frá framkvæmdastjóra/skrifstofu.
 - a. Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri fór stuttlega yfir stöðuna á ýmsum verkefnum út frá upplýsingum frá afrekssviði, markaðssviði, mótasviði og fjármálasviði. Á meðal verkefna má nefna starfsemi yngri landsliða og verkefni sem tengjast þróun ungra leikmanna, miðasölu á landsleiki haustsins, ýmis verkefni tengd niðurröðun leikja og dómara, og verkefni við uppgjör og þróun fjármála KSÍ.
4. Fjármál - Sex mánaða uppgjör.
 - a. Bryndís Einarsdóttir fjármálastjóri KSÍ fór yfir sex mánaða uppgjör sambandsins. Reksturinn er heilt yfir á áætlun. Stjórnarmenn ræddu kostnað og tekjur vegna landsliðsmála almennt, lögðu fram spurningar, og lögðu áherslu á vandaða áætlanagerð

og vel ígrundað val á landsliðsverkefnum hvers árs. Bryndís, Eysteinn og Þorvaldur voru til svara.

5. Lög og reglugerðir.

- a. Lögð var fram tillaga um breytingu á grein 6.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Stjórnarmenn tóku til máls og ræddu tillöguna frá ýmsum sjónarhornum.
Ákveðið að vísa tillögunni til laga- og leikreglnanefndar.

6. Móta- og dómaramál.

- a. Helga formaður mótanefndar fór yfir ýmislegt tengt mótamálum og niðurröðun leikja. Meðal annars fjallaði Helga um áskoranir í niðurröðun tengdar Mjólkurbikarnum og Evrópuleikjum, vandamál við niðurröðun vegna ókláraðra leikja í mótum yngri flokka þar sem er spilað eftir lotukerfi, og um Lengjubikarinn og framtíð hans. Umræður urðu á meðal stjórnarmanna um m.a. hátt þjónustustig KSÍ vegna niðurröðunar og ókláraðra leikja, og vegna kostnaðar sem félög (sem ekki óskuðu eftir breytingum) verða fyrir vegna leikjabreytinga.
- b. Halldór Breiðfjörð dómaranefndarmaður fór almennt yfir stöðuna í dómaramálum og vakti sérstaklega athygli á verkefnum tengdum norrænum dómaraskiptum. Sænskir og danskir dómarar hafa dæmt leiki hérlandis og íslenskir dómarar hafa starfað í Noregi, Svíþjóð og Færeyjum. Fram kom í máli Halldórs að dómaraskipti norrænu knattspyrnusambandanna hafa verið í gangi í mörg ár, gangi vel og skipti máli.

7. Laugardalsvöllur

- a. Lagt var fram minnisblað þar sem rakin eru samskipti KSÍ við Reykjavíkurborg vegna nýs þjónustusamnings KSÍ við borgina um rekstur Laugardalsvallar. Minnisblaðið og tímalína þess sýnir með óyggjandi hætti að KSÍ hefur með reglubundnum hætti fylgt málinu eftir við borgina frá byrjun árs 2025 og fram á mitt ár 2026. Framundan eru fundir með borg og ríki, þar sem m.a. á að ræða þjónustusamninginn og næstu skref (íþróttaleg aðstaða og aðstaða fjölmiðla) í uppbyggingu Laugardalsvallar sem þjóðarleikvangs. Rætt um íþróttastefnu ríkisins sem gefin var út fyrir á þessu ári þar sem er m.a. fjallað um nýjan þjóðarleikvang í knattspyrnu. Stjórnarmenn ræddu þjónustusamninginn við Reykjavíkurborg og önnur málefni Laugardalsvallar í þaula og lögðu fram ýmsar spurningar. Eysteinn Pétur og Þorvaldur voru til svara.

Bókun stjórnar KSÍ vegna þjónustusamnings við Reykjavíkurborg um rekstur Laugardalsvallar:

KSÍ hefur ítrekað á undanförunum tveimur árum kallað eftir fundum og samningaviðræðum við Reykjavíkurborg um nýjan rekstrar- og þjónustusamning vegna Laugardalsvallar. KSÍ lagði fram drög að nýjum samningi snemma árs 2025 og hefur síðan með reglubundnum hætti fylgt málinu eftir með fundarbeiðnum, erindum og ítrekunum.

Á sama tíma hafa rekstrarforsendur vallarins breyst verulega vegna uppbyggingar þjóðarleikvangsins og aukins rekstrar- og viðhaldskostnaðar. Stjórn KSÍ telur því að núverandi fyrirkomulag sé ekki lengur sjálfbært og að síðasti samningur (sem rann út 31.12.2025) endurspegli ekki raunverulegan kostnað við rekstur vallarins.

Stjórnin telur að ekki sé lengur hægt að bíða eftir niðurstöðu í málinu á meðan fjármunir knattspyrnuhreyfingarinnar eru nýttir til að standa undir taprekstri

Laugardalsvallar. Nauðsynlegt er að finna lausn sem fyrst og koma á skýrum og sanngjörnum rekstrarforsendum til framtíðar.

Verði ekki raunveruleg framvinda í málinu á næstu vikum mun stjórn KSÍ neyðast til að taka afstöðu til þeirra aðgerða sem sambandinu standa til boða til að verja hagsmuni KSÍ og aðildarfélaga þess.

8. Landsliðsmál

- a. Þorvaldur stiklaði á stóru um verkefni landsliða sem eru framundan á þessu hausti – verkefni A landsliða jafnt sem yngri landsliða.

9. Málefni FIFA

- a. Formaður fór yfir stöðu mála varðandi málefni FIFA og atburði síðustu vikna og rakti m.a. samskipti sín við formenn annarra knattspyrnusambanda, sem og við fulltrúa FIFA og UEFA. Allir stjórnarmenn KSÍ tóku til máls, ræddu málið og lögðu fram ýmsar spurningar og voru Þorvaldur og Eysteinn til svara.

10. Önnur mál.

- a. Árlegur fundur knattspyrnusambandanna á Norðurlöndunum verður haldinn í Helsinki, Finnlandi síðar í ágústmánuði. Fyrir hönd KSÍ munu sækja fundinn Þorvaldur formaður, Ingi Sigurðsson varaformaður og Helga Helgadóttir varaformaður.
- b. Ársþing KSÍ 2027 verður haldið laugardaginn 27. febrúar á hóteli Íslandshótela í Reykjavík.
- c. Tekið var fyrir erindi starfskjaranefndar og varaformönnum falið að kynna nefndinni þær umræður sem fóru fram innan stjórnar.

Fundi slitið kl. 17:30.

Fundarritari: Ómar Smárason

Næstu fundir boðaðir 17. september, 15. október og 19. nóvember.

Undirritunarsíða

Þorvaldur Örlygsson

Ingi Sigurðsson

Helga Helgadóttir

Pálmi Haraldsson

Tinna Hrund Hlynisdóttir Hafberg

Halldór Breiðfjörð Jóhannsson

Sveinn Gíslason

Eysteinn Pétur Lárusson

Edvard Börkur Edvardsson

Heimir Fannar Gunnlaugsson

Jón Sigurður Pétursson